

Föstudaginn 19. mars 1999.

Nr. 118/1999. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

X

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-, c- og d-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Krafist var gæsluvarðhalds yfir X á grundvelli a-, c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Staðfest var niðurstaða héraðsdóms um að X skyldi sæta gæsluvarðhaldi, en ekki þóttu hafa verið lögð fram viðhlítandi læknisfræðileg gögn um að efni væru til þess að beita ákvæði 110. gr. laga nr. 19/1991, þannig að X skyldi vistaður á sjúkrahúsi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnlfjótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. mars 1999, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars 1999, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. apríl nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að í stað gæsluvarðhalds verði hann vistaður á sjúkrahúsi samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Ekki hafa verið lögð fram viðhlítandi læknisfræðileg gögn um að efni séu til að beita ákvæði 110. gr. laga nr. 19/1991, þannig að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi með vistun á sjúkrahúsi. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars 1999.

Ár 1999, mánudaginn 15. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglan hefur krafist þess að kærða X verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi á grundvelli a-, c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, allt til miðvikudagsins 14. apríl nk. kl. 16.00.

Í greinargerð lögreglu kemur fram að kærði hafi játað að hafa framið rán í verslun 11-11 að Norðurbrún 2 í Reykjavík þann 12. febrúar sl. en lögreglan vinni nú að rannsókn málsins.

Lögreglan kveður atvik málsins þau að að kvöldi 12. febrúar sl. hafi komið maður klæddur bláum kuldagalla og með dökka húfu dregna niður fyrir andlit, en klippt úr fyrir augum, inn í verslunina, otað og veifað hnífi að ungum afgreiðslumanni þar sem hann hafi verið að afgreiða viðskiptavin á kassa og skipað honum að láta sig hafa peninga. Afgreiðslumaðurinn hafi ekki þorað annað en að verða við þessu enda maðurinn veifað hnífi. Hafi hann látið manninn hafa peningaseðla úr afgreiðslukassanum, látið þá í plastpoka eins og maðurinn hafi skipað honum og síðan úr hinum afgreiðslukassanum, tekið peningaseðla úr honum líka og sett í pokann, samtals um 160.000 krónur, og hafi hann síðan afhent ránsmanninum, sem þá hafi farið rակeitt út úr búðinni og haldið í átt að Kleppsvegi. Viðskiptavininum hafi verið mjög brugðið þegar maðurinn kom inn í verslunina veifandi hnífi og heimtandi peninga og hafi ætlað að komast út en maðurinn hafi gengið í veg fyrir hana og sagt að hún færi ekki neitt. Hún hafi sagst vilja komast til barna sinna, sem biðu úti í bíl, og hafi hann þá fært sig og hún komist út. Hún hafi ekið af stað í burtu og hringt á lögreglu. Sama hafi afgreiðslumaðurinn gert eftir að ránsmaðurinn hafi yfirgefið verslunina.

Lögreglan hafi komið fljótt á staðinn og strax hafið leit í nágrenninu að manni sem vitnin hafi lýst sem lágvöxnum manni, 160-165 cm á hæð, þreknum og klæddum eins og áður sé lýst. Lögreglumenn hafi farið að Kleppsvegi 70 og séð ljós þar í íbúð sem lögreglan þekki af fyrri afskiptum þar. Í íbúðinni hafi kærði verið ásamt Berglindi Friðbergisdóttur sem búi þar. Við leit í íbúðinni hafi fundist blár kuldagalli, dökk húfa, sem klippt hafi verið úr fyrir augum, og 158.500 krónur í plastpoka undir rúmdýnu. Þá hafi fundist tveir hnifar í íbúðinni og enn fremur afklippurnar úr húfunni auk annarra muna.

Við yfirheyrslu hafi Berglind ekki kannast við aðild að ráninu. Kærði hafi komið í heimsókn og þau spjallað saman en hún síðan lagt sig fljótlega eftir að

hann kom. Hún segi kærða hafa verið klæddan í bláan kuldagalla og með dökka húfu er hann kom. Hún segi kærða hafa verið eitthvað að ræða um rán en hún leitt það hjá sér.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu 13. febrúar sl. hafi kærði neitað að hafa átt nokkurn þátt í ráninu. Hann sagðist hafa komið í heimsókn til Berglindar og verið þar allt kvöldið þar til lögreglan hafi komið og ekki farið neitt út. Hann vissi ekkert um peningana eða munina sem hafi fundist að Kleppsvegi 70. Hann hafi sagst hafa verið í bláum kuldagalla en húfulaus er hann kom að Kleppsvegi 70.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu 14. febrúar sl. hafi kærði sagst vilja breyta fyrri framburði sínum í málinu og játa sakargiftir auk þess sem hann hafi lýst verknadiniðum og aðdraganda hans.

Við skýrslutökuna 14. febrúar sl. hafi kærði óskað eftir því að hann yrði látinn sæta geðrannsókn. Lögreglan hafi þegar haft samband við nokkra aðila vegna þessa og Sigurður Páll Pálsson geðlæknir tekið að sér að vinna þetta verk. Til að gera þessa rannsókn sem áreiðanlegasta hafi verið farið fram á við Fangelsismálastofnun ríkisins að hún léti af hendi gögn varðandi hegðun kærða þann tíma sem hann var í afplánun hjá stofnuninni. Þessi gögn hafi nýlega borist lögreglu.

Lögreglan segir kærða hafa fengið þann 5. febrúar sl. reynslulausn úr fangelsi á 420 daga eftirstöðvum refsingar sem hann hafi verið að afplána fyrir rán. Viku eftir að honum var veitt þessi reynslulausn hafi hann framið þetta vopnaða rán.

Kærði hafi játað að hafa framið ránið. Vegna rannsóknar málsins sé talið nauðsynlegt að fram komi ítarlegar upplýsingar um persónulegar aðstæður hans sem og þroska og heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, sbr. b- og d-lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991. Auk þess sem nauðsynlegt sé talið að fram komi upplýsingar um það hvort einhver ástæða sé til að ætla að ákvæði 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 geti átt við um hagi hans. Þessari rannsókn sé ekki lokið.

Það sé einnig ljóst að veruleg hætta sé á að kærði haldi áfram afbrotum ef hann gangi laus og virtist sem öðrum væri veruleg hætta búin gengi hann laus.

Stefnt sé að því að ljúka rannsókn málsins á fyrirhuguðum gæsluvarðhaldstíma og senda það ríkissaksóknara til meðferðar.

Lögreglan kveðst vera að rannsaka ætluð brot kærða á 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til alls framanritaðs, rannsóknarhagsmuna, alvarleika málsins svo og með vísan til a-, c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sé þess farið á leit að krafan nái fram að ganga.

Niðurstaða.

Fyrir liggur að kærði hefur játað það brot sem honum er gefið að sök að hafa framið. Hann sætir nú geðrannsókn að eigin beiðni og að beiðni lögreglu frá 26.

febrúar sl. þar sem óskað er ítarlegra upplýsinga um persónulegar aðstæður kærða svo og þroska og heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, sbr. b- og d-lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991. Einnig er óskað rannsóknar á því hvort ástæða sé til að ætla að ákvæði 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 geti átt við um hagi hans. Samkvæmt gögnum málsins hefur kærði upplýst að hann sé 75% öryrki vegna geðfötlunar.

Einnig liggur fyrir að kærða var þann 5. febrúar sl. veitt reynslulausn á 420 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar fyrir annað ránsbrot en það er nú sætir rannsókn hjá lögreglu.

Kærði hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 13. febrúar sl. samkvæmt úrskurði dómsins þann dag.

Með vísan til alvarleika brotsins, sem varðar fangelsi samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga verði kærði sekur fundinn um það, sakaferils kærða að öðru leyti og nauðsyn þess að yfirstandandi geðrannsókn geti farið fram með viðunandi hætti þykja skilyrði vera til að kærða verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi samkvæmt a-, c- og d-lið 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Ber því að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald til greina eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, X, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 14. apríl 1999 kl. 16.00.
